

31. stjórnarfundur Leiknar 7. apríl 2010 kl. 09.00 haldinn í húsakynnum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í Skeifunni 8.

Mættir: Guðjónína Sæmundsdóttir, Hildur Elín Vignir, Hulda Ólafsdóttir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, María Hildipórsdóttir, Finnur Gunnþórsson og Emil Björnsson tók þátt í fundinum gegnum síma.

Dagskrá lá fyrir í 4 liðum:

- 1) Aðalfundur Leiknar. Formaður fór yfir dagskrá aðalfundar. Emil Björnsson verður fundarstjóri. Hildur Elín greindi frá því að dagskrá fundarins væri farin út og fundurinn boðaður með lögformlegum hætti.
- 2) Næsta stjórn. Samþykkt var að gera tillögu að nýrri stjórn. Stjórnarmenn fóru yfir mögulega stjórnarmenn og skiptu með sér verkum við að hafa samband við þá. Ína og Hulda taka að sér að bera ábyrgð á tillögunni. Þær gera líka tillögu að formanni, þegar tilnefningar liggja fyrir og senda stjórn í tölvupósti til samþykktar. (Hulda talar við Iðunni Antonsd., Ingibjörg talar við Eyrúnu Valsdóttur, Hildur Elín talar við Guðrúnu Högnad., Ína talar við Ingu Dóru og/eða Óla)
- 3) Ráðstefna Leiknar. Farið var yfir ráðstefnuna og bókanir á hana. Búið er að taka frá 20 herbergi á KEA. Ráðstefnan fer fram á KEA, salurinn hefur verið tekinn frá, þar eru öll tæki. Maríu var falið að taka frá viðbótarsal vegna vinnustofa. Tillögur að ráðstefnustjóra; Soffía Gísladóttir hjá VMST. Ína hefur samband við hana. Á lista yfir fleiri sem kæmu til greina eru Kristinn Þorsteinsson, sem annast um atvinnulausa á Akureyri og Erlendur Steinar hjá HA. Eftirfarandi þarf að gera: Búa til skráningarblöð fyrir vinnustofur. Gera lýsingu á hlutverki vinnustofustjóra. Fundarstjóri sér til þess að ritari sé valinn. Hann ákveður með ritara hvor geri grein fyrir niðurstöðum. Fundarstjóri innleiðir efnið í ca. 10 mínútur. Fundarstjóri sér um að kalla eftir fundargerðinni og afhenda hana stjórn Leiknar. Ingibjörg sér til þess að þessar upplýsingar berist vinnustofustjórum og gerir bókunarblöð fyrir vinnustofur.
- 4) Önnur mál. Fleira var ekki gert og fundi lauk kl. 10.15.